



Reykjavík, 19. júní 2025
USK25050078

Kambasel 54-56 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Völu Rutar Friðriksdóttur, dags. 7. maí 2025, um breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfis vegna lóðanna nr. 54 og 56 við Kambasel, sem felst í fjölgun bílastæða framan við húsið. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag.



Annað


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Kambasel 54-56 í íbúðarbyggð.

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Efra Breiðholt sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2022, með síðari breytingu frá 26. október 2022. Kambasel 54-56 er innan skilmálaeiningar 6.2.11 í hverfisskipulagi.

Umsögn

Við Kambasel 54-56 sem er fjölbýlishús eru staðsett skv. hverfisskipulagi 9 bílastæði. Skv. mælibleði eru þó merkt inn 14 bílastæði innan lóðar 54-56. Sjá skjáskot af mælibleði hér að neðan. Appelsínugula línan markar lóðamörk lóðar 54-56.



Reykjavík



Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur og bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að ekki er heimilt að fjölga bílastæðum innan lóðar.

Niðurstaða

- Ekki er heimilt að fjölga bílastæðum innan lóðar 54-56 við Kambasel.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík